

REGLUGERÐ

um sérstakt kennarapróf í söng, handavinnu, leikfimi, teikningu og matreiðslu.

1. Hér eftir skal mönnum gefinn kostur á að taka sérstakt kennarapróf við kennaraskólann í söng, handavinnu, leikfimi, teikningu og matreiðslu, hverri þessara fimm námsgreina fyrir sig.
2. Hver sá, er gengur undir kennarapróf í einhverri þessari grein, verður einnig að taka próf í uppeldisfræði, skólasögu, sálarfræði og kennslufræði, ennfremur almennt heilsufræði og islenzku, nema hann hafi áður lokið jafngildu prófi. Íslenzkuprofið skal sýna, að hann kunnir almenn undirstöðuatriði málfræðinnar og geti ritað skipulega og ritvillulítið um kunnugt efni.
3. Skilyrði fyrir því, að fá að taka próf þetta, skulu að jafnaði vera þau, að hafa sótt kennslustundir í þeim námsgreinum, sem taldar voru í 2. gr., í kennaraskólanum einn vetur. Ennfremur verður nemandi að sýna með vottorðum, að hann fullnægi almennum inntökuskilyrðum í kennaraskólann og hafi aflað sér nægjanlegrar menntunar að dómi fræðslumálastjórnarinnar, til að hafa á hendi kennslu í að minnsta kosti einni af þeim sérgreinum, sem taldar eru í 1. gr.
4. Við próf í handavinnu eða teikningu verður sá, sem prófaður er, að leggja fram sýnishorn af eigin starfi, til marks um það, að hann sjálfan skorti hvorki leikni né kunnáttu í því, er hann síðar ætlar að kenna. Við einkunnargjöf skal taka tillit til sýnishorna þessara.
5. Kennarar kennaraskólans prófa hver í sinni grein. Prófdómarar skulu vera tveir í hverri sérgrein, skipaðir af ráðuneytinu, annar eftir tillögum kennarasambandsstjórnarinnar.
6. Einkunnir skulu gefnar þær sömu og í kennaraskólanum, og þarf sömu einkunnir til þess að standast prófið. Enginn nær prófi þessu nema hann fái a. m. k. einkunnina 7 í aðalgrein (eða aðalgreinum).
7. Þeir, sem standast próf þetta, öðlast réttindi til þess að kenna námsgreinar þessar (söng, handavinnu, leikfimi, teikningu og matreiðslu) í barnaskólum landsins og fá um það skirteini, er sýni í hverri eða hverjum af þessum fimm greinum þeir hafa öðlast kennararéttindi. Til kennslu í öðrum greinum veitir próf þetta engin réttindi.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 20, 1. febr. 1936, gengur í gildi þegar í stað, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 1. apríl 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.